

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Auðar Guðmundsdóttur og foreldra hennar, Guðmund Guðmundsson og Katrínu Jónsdóttur og foreldra Jóhannesar Jóhannessonar þeirra Jóhannesar Stígssonar og Helgu Hróbjartsdóttur, nr. 685/2019.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum eru á hendi stjórnar hans og skulu þeir veittir að undangenginni almennri skoðun stjórnar með tilliti til tilgangs sjóðsins. Styrkveiting skal að hámarki vera 25% af eign sjóðsins um síðustu áramót.

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðilum. Tveir aðilar í stjórn skulu vera úr fjölskyldu Jóhannesar og Auðar og einn óháður. Einn af stjórnarmönnum skal vera formaður. Formaður boðar til stjórnarfundar og ákveður fundarstað. Stjórnarlaun eru ólaunuð. Stjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir, tekur ákvarðanir um úthlutun, sker úr um vafaatriði, metur styrkhæfni umsókna og afgreiðir önnur mál sem upp kunn að koma. Afgreiðslur umsókna í sjóðinn eru trúnaðarmál.

8. gr. orðist svo:

Taki stjórn ákvörðun um að slíta sjóðnum skal verja eign hans til líknarmála. Sama gildir ef allir stjórnarmenn sjóðsins samþykkja það tvö ár í röð að sjóðurinn fullnægi ekki lengur hlutverki sínu. Breyta má skipulagsskrá þessari ef allir stjórnarmenn leggja það til og samþykkja. Skal slíkt borið undir sýslumanninn á Vestfjörðum. Komi upp ágreiningur vegna skipulagsskrár þessarar má rekja ágreiningsmálið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Auðar Guðmundsdóttur og foreldra hennar, Guðmund Guðmundsson og Katrínu Jónsdóttur og foreldra Jóhannesar Jóhannessonar þeirra Jóhannesar Stígssonar og Helgu Hróbjartsdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 28. mars 2025,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.